

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 51/2018

frá 23. mars 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB 2017/2102 frá 15. nóvember 2017 um breytingu á tilskipun 2011/65/ESB um takmarkanir á notkun tiltekinnna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ⁽¹⁾).
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12q (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32017 L 2102:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2102 frá 15. nóvember 2017 (Stjtið. ESB L 305, 21.11.2017, bls. 8).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) 2017/2102, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. mars 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (·).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 305, 21.11. 2017, bls. 8.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 23. mars 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING